

## Skólaráð Naustaskóla

8. fundur ársins 2011 þann 19. ágúst kl. 8:00

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Sara Stefánsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Brynja Dögg Hermannsdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir og Harpa Mjöll Hermannsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Ekki viðstaddir þennan fund.

### Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Nýir fulltrúar í skólaráði.** Fyrri fulltrúar starfsmanna skólans höfðu lokið sínu 2ja ára kjörtímabili og því hafa verið kjörnir nýir fulltrúar sem nú eru mættir til fundar. Kjörnir fulltrúar kennara eru Brynja Dögg Hermannsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, til vara er Aðalheiður Skúladóttir. Fulltrúi annars starfsfólks er Harpa Mjöll Hermannsdóttir en til vara er Sandra Mjöll Tómasdóttir.
- 2. Útlit og horfur.** Nú eru 242 nemendur innritaðir í skólann, það er nokkru meira en gert var ráð fyrir, m.a. við úthlutun kennslustunda. Skólinn er því enn eitt árið með nokkru minna kennslumagn til ráðstöfunar en úthlutunarreglur skóladeildar gera ráð fyrir. Undirbúningsdagar starfsfólks hafa verið bæði ánægjulegir og árangursríkir og það er afar gott útlit fyrir veturinn, skólinn í heild er vel undirbúinn fyrir starfið og hugur í fólki.
- 3. Starfsáætlun/fundaáætlun skólaráðs.** Fundaáætlun skólaráðs, sem unnin var sl. vetur er nú birt í starfsáætlun skólans og gert ráð fyrir að í fyrsta sinn verði unnið eftir því umræðuplani í vetur. Þessi áætlun er "samstillt" áætlun fyrir kennarafundi skólans þannig að gert er ráð fyrir að kennara/starfsmannafundir og skólaráð séu að fjalla um og endurskoða sömu þætti í starfsemi skólans á svipuðum tíma. Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina að sinni.
- 4. Starfsáætlun Naustaskóla 2011-2012.** Rennt yfir nokkra þætti í starfsáætlun skólans fyrir veturinn. Hugmyndin er að starfsáætlun nái á hverjum tíma að "ramma inn" áætlanir skólans og gefa góða mynd af þeirri starfsemi sem fara mun fram í skólanum yfir veturinn. Við erum smátt og smátt að bæta inn þáttum í starfsáætlunina og hún verður ítarlegri og betri með hverju árinu. Meðal nýrra þátta sem nú koma inn má nefna fundaáætlun kennara/deildafunda, áætlun fyrir skólaráð, móttökuáætlun fyrir nemendur, jafnréttisáætlun, framkvæmdaáætlanir fyrir þróunarverkefni o.fl. Nokkrar athugasemdir og ábendingar komu fram sem stjórnendur munu yfirfara en stefnt er að því að starfsáætlunin verði fullmótuð og birt á heimasíðu skólans í lok næstu viku. Fulltrúar í skólaráði voru einnig hvattir til að senda athugasemdir og ábendingar í tölvupósti eða halda þeim til haga fyrir næstu endurskoðun.
- 5. Mötuneytismál.** Mannabreytingar hafa orðið í eldhúsinu, enn eru ekki komnar fram nákvæmar tölur um nýtingu mötuneytisins í vetur, skráningar enn að berast. Fram kom að á vegum Akureyrarbæjar er unnið að undirbúningi útboðs fyrir eldhús og sameiginlegs matseðils fyrir skólana en enn er óvíst hvenær þetta kemur til framkvæmda.
- 6. Yfirvofandi verkfall.** Rætt um yfirvofandi verkfall leikskólakennara og áhrif þess á grunnskólastarfið, sem m.a. kemur fram í því að Frístund verður lokuð ef til verkfalls kemur.

- 7. Fundatími skólaráðs.** Samþykkt að fastir fundir skólaráðs fram að áramótum verði fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 8:00.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur verður miðvikudaginn 7. september, skólastjóri boðar til hans.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð